

Borg. 1971–72, Bsk. Keflavík 1972–77, Grsk. Njarðvík frá 1977. Form. skólanefndar frá 1982. M. 2. des. 1972 Jón múrarameistari í Sandgerði (f. 4. júní 1950) Ásmundsson bílstjóra í Sandgerði, Björnssonar, og k. h. Ingibjargar Bjarnad. Börn: Anna Björg, f. 21. mars 1974. Ásmundur, f. 12. mars 1979. (85)

**Helga Kjaran**, f. 20. maí 1947 í Reykjavík. For.: Birgir Kjaran hagfr. og alþm. (f. 13. júní 1916, d. 12. ág. 1976) Magnússon Kjarans stórkaupm. Rvík, og k. h. Sveinbjörg Kjaran (f. 8. des. 1919) Sophusd. A. Blöndals forstjóra Sigluf., og k. h. Ólafar Þorbjargar Blöndals kenn. (f. 10. des. 1894). Alsystir: Ólöf Kjaran Knudsen kenn. (f. 30. mars 1942). Lpr. Hagask. Rvík 1963. Stúd. M. R. 1967. Kpr. 1971. Kenn. Landakotssk. Rvík 1971–74. Stk. Melask. Rvík 1974–76 og 1977–78, kenn. frá 1978. M. 1) 19. ág. 1967 Ármann stud. jur. (f. 14. apr. 1946, d. 10. nóv. 1968) Sveinsson múraram. Rvík, Sveinssonar, og k. h. Margrétar Lilju Eggertsd. (albróðir Sveins lögfr. og kenn. (f. 2. febr. 1948) Sveinssonar). Barn: Birgir, f. 12. júní 1968. M. 2) 1. des. 1973 Ólafur verkfr. (f. 18. júní 1946) Sigurðsson lyfsala Rvík, Ólafssonar (og k. h. Kristólínu kenn. (f. 4. ág. 1885) Kristjánsd.), og k. h. Þorbjargar Jónsd. Börn: Björg, f. 18. okt. 1976. Ólöf, f. 29. okt. 1980. (85)



**Helga Konráðsdóttir**, f. 1. sept. 1958 á Ísafirði. For.: K. Guðmundur skrifstofum. þar (f. 13. maí 1929) Jakobsson skipstj. Hraunprýði á Ísafirði, Gíslasonar, og k. h. Þórleif (f. 2. nóv. 1939) Skarphéðinsd. b. í Krossnesi, Norðurf., Strand., Njálssonar. Stúd. M. Í. 1979. Kpr. 1984. Stabekk Husstellærerhögskole Noregi 1984–85, pr. 1985. Kenn. Hafnarsk. Höfn 1979–80, Grsk. Dalvík 1983–84, Grsk. Ísaf. frá 1985. Sumarstörf: skrúðgarðarækt, verkstj. í unglingavinnu o.fl. M. 13. ág. 1983 Sigmar Þór kenn. (f. 5. maí 1955) Óttarsson. Barn: Magndís Huld, f. 19. ág. 1982. (86)



**Helga Kress**, f. 21. sept. 1939 í Rvík. For.: Bruno Kress próf. í Greifswald, V.-Þýskal. (f. 11. febr. 1907) og k. h. Kristín Anna Thoroddsen Kress kenn. (f. 4. des. 1904). Stúd. M. R. 1959. Cand. mag. H. Í. (ísl. fræði, aukagr. þýska) 1969. Pr. í alm. bókmenntafr. Hásk. í Björgvin, Noregi 1980. Námsk. í þýsku og þýskum bókm. við Hásk. í Köln og Hásk. Freiburg, V.-Þýskal. 1963 (apríl-sept.). Stk. Kvsk. Rvík haustið 1964, M. R. 1965–71. Lektor í ísl. f. erl. stúd. H. Í. 1970–73. Lektor (sendikenn.) Hásk. í Björgvin 1973–79. Stk. H. Í. (bókm. og alm. bókmfr.) jan. 1980–81. Lektor H. Í. (alm. bókmfr.) 1981–82, dósent frá 1982. Starfaði við Orðabók H. Í. sumurin 1964-66. Húsmóðurstörf frá 1959. Ritari Ísl. málnefndar 1966–73, Fél. ísl. fræða 1971–73. Í stjórn Vísindasjóðs frá 1982. Rit: Guðmundur Kamban. Æskuverk og ádeilur, Studia Islandica, 29. hefti, 1970. Þýð. og útg.: Lystreise og andre islandske noveller (ásamt Idar Stegane), Osló 1976. Draumur um veruleika. Íslenskar sögur um og eftir konur, 1977 (norsk útg. 1979). Sérherbergi (Virginia Woolf), 1983. Helstu gr.: Guðmundur Kamban og verk hans, í Skírni 1970. Okkar tími – okkar líf. Þróun sagnagerðar Halldórs Laxness og hugmyndir hans um skáldsöguna, Sjö erindi um Halldór Laxness, 1973. Kvenlýsingar og raunsæi. Með hliðsjón af Gunnari og Kjartani eftir Véstein Lúðvíksson, í Skírni 1975. Bókmenntir og kvenfrelsi. Um kvenlýsingar í fjórum skáldsögum kvennaárs, í Skírni 1976. Ekki höfu vér kvennaskap. Nokkrar laustengdar athuganir um karlmennsku og kvenhatur í Njálu, í Sjötíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni, 1977. Kvennarannsóknir í bókmenntum, í Skírni 1977. Bækur og kellingabækur. Þáttur í ísl. bókm.-sögu, í Tímar. Máls og menningar, 1978. Kvinnebevissthet og skrivemåte. Om Svava Jakobsdóttir og den litterære institusjonen på Island, í Norsk litterær årbok, 1979. Mjok mun þér samstaft þykkja. Um sagnahefð og kvenlega reynslu í Laxdæla sögu, í Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur, 1980. Mannsbarn á myrkri heiði. Um samband listar og þjóðfélags í kvæði eftir Snorra Hjartarson, í Tímar. Máls og menningar, 1981. At leita eftir sær sjálvari. Nökur orð um kvinnuligar livsroyndir og kvinnuliga tradition í ísl. bókm., í Brá 1982. Að kynna ísl.

